Eineltisáætlun Eyrarskjóls

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar vinnur markvisst gegn einelti í barnahópnum, þar sem einstaklingseiginleikar og þættir eru æfðir ásamt félagslegum eiginleikum. Til þess að gera langa sögu stutt þá æfum við okkur í góðum samskiptum sem miða að hreinskiptni og jákvæðni. Með því viljum við koma í veg fyrir einelti og stuðla að farsælum samskiptum í stað þess að vinna einungis í eineltismálum eftir að skaðinn er skeður. https://www.hjalli.is/kynjanamskra/

Einnig eru **Meginreglur Hjallastefnunnar,** sem eru sex talsins og eru settar upp í skýrri forgangsröð, hvatning og brýning til þess að fylgja hugsjónum okkar, bæði innri þáttum eins og þeim lífsgildum sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorfum, mannskilningi og lífssýn svo og ytri þáttum eins og skipulagi, starfsháttum og aðferðum sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskólana. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónirnar, frá hinu stærsta til hins smæsta

Önnur meginregla snýr að starfsfólki

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans. https://www.hjalli.is/meginreglur/

Hvað er einelti:

- Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
- Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri.
- Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim.
- Einelti fær illa þrifist þar sem góð samskipti ríkja.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
- skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til réttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis:

Starfsmaður sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skál snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Aðilar sem einnig er hægt að snúa sér til:

- Leikskólastjóri
- Trúnaðarmaður- og öryggisvörður leikskólans
- Leikskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar
- Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir Hjallamiðstöð og/eða Bóas Hallgrímsson framkvæmdastýra Hjallamiðstöð. Sá aðili sem samband er haft við ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Óformleg málsmeðferð:

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

Formleg málsmeðferð:

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

- Á þessari slóð má finna eineltisáætlun Eyrarskjóls https://my.karellen.is/cms/page/?domain=eyrarskjol.hjalli.is&url=%2FSkolastarfid%2FAaetlanir